

# Boð fyrir 39 kandiðata úr læknadeild

Lí bauð nýja lækna velkomna í hópinn

## Védís Skarphéðinsdóttir

HVERN HEFÐI órað fyrir því í byrjun 20. aldar þegar konum tókst að arga það í gegn að fá kosningarétt að tæpri öld síðar yrði eitt helsta vígi karlanna fallið? Af 39 kandiðötum vorið 2006 eru 24 konur og 15 karlmenn, hlutfallið einkennilega laust við jafnvægi – vorið 2005 útskrifuðust 20 konur og 23 karlar – hvaða öfl eru að verki núna? Það er sannarlega umhugsunarefni þessa dagana þegar tíminn líður greinilega hraðar en hann hefur áður verið fær um og vér aumar mannskepnur eigum bágð með að fylgja honum eftir. – Það var bjart yfir hópi kandiðata einsog vænta mátti, þau móttóku glöð lög Læknafélags Íslands, siðareglur félagsins og Medical Ethics Manual frá alþjóðasambandi lækna. Þau undirrituðu eið Hippókratesar þar sem ein greinin hljóðar svo í þýðingu Kristínar Ólafsdóttur: „Hvar sem mig ber að garði mun ég kosta kapps um að líkna sjúkum og varast að valda mönnum viljandi óheillum eða tjóni og sérstaklega að forðast að misbjóða líkómum karla og kvenna, hvort heldur eru frjálsborin eða ánauðug.“

Sigurbjörn Sveinsson formaður Læknafélags Íslands bauð kandiðata velkomna í hópinn og notaði tækifærið til að messa yfir þeim:

„Það er skylda lækna að taka þátt í að sinna réttindum sjúklinga og varðveita þau. Það er líka skylda lækna að skapa sér þær vinnuaðstæður, að þeir geti sinnt starfi sínu á fullnægjandi hátt og mætt siðferðiskröfum stéttarinnar. Það er lágmarkskrafa að lækna haldi sjálfstæði sínu og að tillit sé tekið til álits þeirra um veitingu heilbrigðisþjónustu. Til að ná þessu markmiði þurfa lækna að tala einni röddu eða hafa málssvara, sem eftir er tekið. Þessi málssvari er til í kjarna stéttarinnar, í fagmennskunni, ekki í læknamáfiunni eins og illar tungur slúðra í skúmaskotum heldur í sameiginlegum viðhorfum, í siðferðisefnum og samfélagslegri ábyrgð, í einstakri menntun, sem byggist á arfi árþúsunda, í samúð og umhyggju og hæfileika og vilja til að setja hag annarra ofar sínum eigin.“

Læknisfræðin á sér ból á krossgötum, þar sem öguð náttúruvísindi og mjúkur húanismi mæstast. Parna er kjarni læknisfræðinnar. Að vísa veginn til sannreyndrar læknisfræði og heilbrigðisþjónustu, sem fetar veg jafnræðis í félagslegu tilliti. Þessa leiðsögn byggir læknirinn á einstæðri sérþekkingu sinni og þeirri reynslu, sem hann hefur öðlast við hversdagsleg úrlausnarefni.“

*Nýútskrifaðir lækna búnir að hreiðra um sig í fundarsal stjórnar LÍ.*





## Læknakandídatar 2006

Anna Freyja Finnbogadóttir  
 Aron Freyr Lúðvíksson  
 Benedikt Árni Jónsson  
 Berglind Aðalsteinsdóttir  
 Birna Guðbjartsdóttir  
 Brynja Jónsdóttir  
 Einar Björnsson  
 Erla Þorleifsdóttir  
 Erna Guðlaugsdóttir  
 Eydís Ósk Hafþórsdóttir  
 Gígja Guðbrandsdóttir  
 Guðbjörg Vignisdóttir  
 Haraldur Ólafsson  
 Helga Ásgeirsdóttir  
 Jóhanna Ósk Jensdóttir  
 Jón Örn Friðriksson  
 Jónas Hvanberg  
 Jórunn Harpa Ragnarsdóttir  
 Katrín Þórarinsdóttir  
 Kristín Jónsdóttir

Kristín Ólína Kristjánsdóttir  
 Kristján Dereksson  
 Magni Víðar Guðmundsson  
 Magnús Sveinsson  
 Ólöf Kristjana Bjarnadóttir  
 Sigríður Helgadóttir  
 Sigrún Perla Böðvarsdóttir  
 Sigurður Benediktsson  
 Snorri Laxdal Karlsson  
 Sonja Baldursdóttir  
 Sólrún Björk Rúnarsdóttir  
 Unnur Guðjónsdóttir  
 Unnur Þóra Högnadóttir  
 Yngvi Finndal Heimisson  
 Ýr Frisbæk  
 Þorgerður Guðmundsdóttir  
 Þórður Tryggvason  
 Þórir Svavir Sigmundsson  
 Þóroddur Ingvarsson

## Vísinda- dagskrá

Í tilefni af merkisafmæli Guðmundar Þorgeirssonar héldu samstarfsmenn hans og lærisveinar vísindadagskrá honum til heiðurs í Hringisal Landspítala 2. júní síðastliðinn. – Á mælendaskrá voru samverkamenn Guðmundar til lengri eða skemmri tíma, starfandi í ýmsum deildum heilbrigðiskerfisins, en umræðuefni allra var mannhjartað og sá vökví sem það knýr, umferðaræðar blóðsins ásamt mörgum þeim efnum sem þar eru á kreiki. Eftirtaldir lögðu hönd á plóginn: Andrés Magnússon, Haraldur Halldórsson, Magnús Karl Magnússon, Páll Torfi Öundurson, Emil L. Sigurðsson sem jafnframt stýrði fundi, Axel F. Sigurðsson, Karl Kristjánsson, Anna Guðmundsdóttir og Anna Helgadóttir.

Guðmundur Þorgeirsson sat í ritstjórn Læknablaðsins árin 1983-1990 og blaðið flytur honum og hans fólki hugheilar kveðjur með þökkum fyrir farsælt og gott samstarf í tímans rás. **VS**



*Meðfylgjandi eru nokkrar myndir teknar við þetta tækifæri.*

